BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

# FRUMKVÖÐLAR Í BHS

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Ágúst 2013

# Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar ........ 2
Markmið verkefnis samkvæmt umsókn ........ 2
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði ........ 2
Frávik miðað við áætlun verkefnisins ........ 4
Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins ........ 4
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið ........ 5
-jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða voru samhliða verkefnisvinnu ........ 5
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn ........ 5
-hefur verkefnið eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild? ........ 5
Niðurstöður verkefnisins: ........ 5
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum ........ 6
Lokaorð ........ 6
Fylgiskjöl ........ 7
Áfangalýsingar ........ 7
Staða vinnu við innleiðingu laga um framhaldsskóla ........ 17

**Lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna verkefnisins**

***Frumkvöðlar í Borgarholtsskóla***

## Grunnupplýsingar

**Nafn skóla:** Borgarholtsskóli

**Nafn verkefnis:** Frumkvöðlar í Borgarholtsskóla

**Nafn verkefnisstjóra:** Anton Már Gylfason/Guðrún Ragnarsdóttir

**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:** 112. 2011-2012

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

a) Færa hugmyndafræði nýsköpunar inn í bóknám af gömlum akademískum grunni.
b) Innleiða hugmyndafræði nýsköpunar á stúdentsprófsbrautum í anda þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið með nýjum framhaldsskólalögum og í stefnu um sóknaráætlun opinberra stofnana (Sóknaráætlun 20/20).
c) Skapa frjósaman jarðveg fyrir frumkvöðla framtíðarinnar á flestum sviðum náms.
d) Vinna að stórum nýsköpunaráfanga sem hefst á fyrsta námsári nemenda og stendur út allan námsferilinn þar sem áhersla er lögð á hagnýta lokaafurð sem byggð er á traustum fræðilegum grunni.
e) Breyta vali nemenda þannig að núverandi 12 eininga val (20 fein) þeirra tengist betur lærdómsviðmiðum stúdentsprófsbrauta með fjölbreyttri nýsköpunarafurð m.a. út frá félagsfræðilegri nýsköpun, tungumálum, vísindum eða tækni.
f) Leitað leiða til að útvíkka áfangann þannig að hann nýtist öðrum sviðum skólans og alls framhaldsskólastigsins.
g) Nemendur vinni að fjölbreyttum nýsköpunarhugmyndum.
h) Nemendur öðlist skilning á mikilvægi þess að úr hugmynd verði nýtanleg afurð.
i) Nemendur öðlist færni í fræðilegum vinnubrögðum.
j) Nemendur sem útskrifast frá Borgarholtsskóla útskrifast með sýnilaga afurð þar sem frumkvöðlaandi er hafður að leiðarljósi og afurðin kynnt á sérstakri sýningu fyrir aðstandendur og aðra áhugasama.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Upphafleg kostnaðaráætlun hljóðaði upp á rúmar 9 milljónir króna. Því var strax ljóst að laga þyrfti verkefnið að þeim styrk sem veittur var (3,5 miljónir kr.). Í stað þess að velja ákveðin markmið og kasta þeim út varð úr að vinna samkvæmt óbreyttri áætlun að öllum markmiðum, enda taldi samráðshópurinn að erfitt gæti reynst að viðhalda samhengi verkefnisins ef farið væri út í slíkar breytingar. Þess í stað yrði lagt upp með að e.t.v. myndi verkefninu ekki lokið að fullu.

Eins og lýst var í áfangaskýrslu sem skilað var til sjóðsins eftir að vinnu við verkefnið á skólaárinu 2011-2012 lauk var hafist handa með því að afla undirstöðuskilnings innan skólans á hugmyndafræði nýsköpunar og frumkvöðlamenntar. Í upphafi haustannar 2011 var skipaður starfshópur kennarar með víðtæka reynslu af kennslu í fjölbreyttum kennslugreinum. Í starfshópnum voru Anton Már Gylfason (heimspeki, lífsleikni, stærðfræði), Guðrún Ragnarsdóttir (efnafræði, lífsleikni), Inga Ósk Ásgeirsdóttir (íslenska, lífsleikni), Kristján Ari Arason (sálfræði, lífsleikni, fjölmiðlun), Sigfríður Guðný Theódórsdóttir (stærðfræði) og Sigurborg Jónsdóttir (þýska). Hittist hópurinn reglulega og vann að mótun hugmyndafræði nýsköpunarnáms við BHS. Afrakstur vinnu hópsins var færður í skýrslu sem þjónað hefur sem grunnplagg vinnunnar. Einnig var unnið að áfangalýsingum fyrir tvo nýsköpunaráfanga. Sá fyrri er hugsaður sem eins konar aðfaraáfangi þar sem nemendur fræðast um nýsköpun og vinna ýmiss verkefni til undirbúnings. Seinni áfanginn er hinn eiginlegi nýsköpunaráfangi þar sem nemendur vinna sjálfstætt í hópum að verkefni á sviði nýsköpunar.

Samhliða vinnu hópsins voru ýmsir sérfræðingar kallaðir til og héldu þeir erindi á almennum kennarafundum og á fundum bóknámskennara. Meðal þeirra sem héldu erindi voru Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík (HR), Rósa Gunnarsdóttir, sérfræðingur í Mennta- og menningarmálaráðuneyti (og seinna hjá HR) og Hrund Gunnsteinsdóttir, forstöðukona Prismanáms í Listaháskóli Íslands og Háskólanum á Bifröst.

Á þessum tímapunkti höfðu vaknað áleitnar spurningar um þjálfun kennara í samræðum starfshópsins. Hugmyndin hafði verið að hefja tilraunakennslu strax haustið 2012 en þegar til átti að taka treystu þeir kennarar sem leitað var til sér ekki til þess að taka kennsluna að sér. Var því ljóst að næsta skref væri að afla þjálfunar fyrir hóp áhugasamra kennara. Um svipað leyti áttu stjórnendur BHS og náms- og starfsráðgjafi skólans fund með verkefnisstjórum á Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ), þeim Hannesi Ottóssyni og Jóhönnu Árný Ingvarsdóttur. Bauðst NMÍ til þess að skipuleggja námskeið fyrir kennara um nýsköpunar- og frumkvöðlamennt og til að standa straum af hluta kostnaðar við framkvæmd þess. Jafnframt var Antoni Má Gylfasyni, verkefnisstjóra þess verkefnis sem hér er til umræðu og kennslustjóra bóknáms í BHS, boðin þátttaka í stýrihópi verkefnis sem í gangi er á vegum NMÍ og lítur að vinnu við uppbyggingu og framkvæmd nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar á öllum skólastigum íslensks skólakerfis. Hefur þátttaka í þessu verkefni reynst mikil lyftistöng fyrir það verkefni sem hér er til umræðu.


*Í FabLab í FNV á Sauðárkróki*

Í framhaldi af þessu auglýsti verkefnisstjóri eftir áhugasömum kennurum til þess að taka þátt í áður nefndu námskeiði og til þess að semja lýsingar fyrir áfanga þar sem nýsköpunar- og frumkvöðlaáherslum væri fléttað inn í hefðbundið námsefni. Þó nokkrir áhugasamir kennarar höfðu þegar samband: Ásdís Kristinsdóttir (íslenska), Inga Jóhannsdóttir (danska), Óttar Ólafsson (landafræði, náms- og starfsráðgjafi), Gunnlaugur B. Ólafsson (líffræði), Sigurðu Þórir Þorsteinsson (lífsleikni og íþróttir) og Hafrún Eva Arnardóttir (líffræði, næringarfræði o.fl.). Sátu þeir námskeiðið ásamt Antoni verkefnisstjóra og tveimur kennurum úr Fjölbrautarskólanum við Ármúla sem var boðin þátttaka.



*Þátttakendur og  kennarar á nýsköpunarnámskeiði*

Námskeiðið var skipulagt í þremur lotum sem kenndar voru á vorönn 2013. Kennarar voru Rósa Gunnarsdóttir frá HR og Hannes Ottósson frá NMÍ. Í fyrstu lotunni, sem fram fór í BHS var farið í grunnatriði nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar og talað um mikilvæg skilyrði þess að slík menntun geti þrifist. Jafnframt var þátttakendum hrint af stað í eigið nýsköpunarferli. Í annarri lotunni, sem fram fór á Sauðárkróki, var farið í mikilvæga þætti í nýsköpunarferlinu s.s. samstarf við sérfróða aðila og gerð viðskiptaáætlana. Þátttakendur, sem þá höfðu farið í gegn um þarfagreiningu og voru komnir með sínar eigin nýsköpunarhugmyndir, fengu tækifæri til að verja einum degi í FabLab-smiðjunni í Fjölbrautaskóla Norðulands vestra undir handleiðslu Þorsteins Broddasonar, verkefnisstjóra hjá NMÍ og Vals Valssonar, kennara í FNV. FabLab er einskonar stafræn smiðja þar sem þátttakendur gátu séð nýsköpunarhugmyndir sínar verða að veruleika (frá huga til handar). Þriðja lotan fór fram í BHS og snérist hún um nýsköpunarkeppni meðal þátttakenda sem höfðu undirbúið sig með því að útbúa kynningarefni og drög að viðskiptaáætlun auk þess sem flestir sýndu afurð sína fullbúna. Var keppnin hörð og spennandi og var öllum þátttakendum að henni lokinni ljóst mikilvægi þess fyrir þann sem ætlar að kenna nýsköpunar- og frumkvöðlafræði að hafa farið í gegn um nýsköpunarferli sjálfur.

Samhliða námskeiðinu var haldið áfram vinnu við undirbúning þriggja námsbrauta til stúdentsprófs með nýsköpunar og frumkvöðlaáherslu. Staða þeirrar vinnu er kynnt í fylgiskjali 1 hér að aftan.

# Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Samkvæmt umsókn voru áætlaðar afurðir verkefnisins (1) áfangalýsingar nýsköpunaráfanga, (2) brautarskipulag stúdentsprófsbrauta sem tekur mið af nýsköpun í sinni víðustu mynd, (3) lokaafurðir nemenda og (4) menntaðir kennarar. Eins og áður sagði var styrkféð aðeins hluti þess sem sótt hafði verið um. Það, ásamt fleiri þáttum sem nefndir hafa verið, hefur valdið því að tilraunakennslu hefur verið seinkað. Er nú reiknað með að tilraunakennsla einstakra áfanga með nýsköpunarívafi hefjist haustið 2013 og að lokaverkefnisáfangarnir verði ekki í boði fyrr en skólaárið 2013-2014. Að öðru leyti hefur verið unnið að öllum áætluðum verkþáttum.

# Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Áður hefur verið nefnt að kennarar skólans voru almennt ekki tilbúnir til þess að taka að sér kennslu nýsköpunar- og frumkvöðlaáfanga vegna reynsluleysis. Má segja að það hafi verið helsta hindrunin sem greinanlegar var eftir fyrra árið. Ekki varð vart við aðrar hindranir sem tengjast þessu verkefni sérstaklega. Þó verður ekki hjá því vikist að nefna að skólakerfi, almennt, eru viðkvæm fyrir breytingum og er oft á tíðum mikil andstaða innan þeirra og einstakra skólastofnanna við breytingar (í hverju svo sem þær kunna að felast). Þetta er að mörgu leyti eðlilegur og jafnvel ákjósanlegur eiginleiki menntakerfis þó stundum kveði óþarflega rammt að íhaldsseminni.

# Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

## -jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða voru samhliða verkefnisvinnu

Það er trú þeirra sem að verkefninu komu að það hafi haft töluverð jákvæð áhrif á skólastarfið á meðan á því stóð. Reyndar er því ekki að fullu lokið enn þar sem tilraunakennsla er rétt að hefjast en sú umræða sem farið hefur fram í skólasamfélaginu hefur verið fjörug og kraftmikil á köflum. Verkefnið hefur veitt vinnu við aðlögun bóknámsbrauta skólans að framhaldsskólalögum sem samþykkt voru frá Alþingi 2008 ákveðinn þunga; má segja að nýsköpunar- og frumkvöðlamennt hafi orðið kjölfesta í þeirri vinnu og að verkefnið sem hér er til umræðu hafi leikið þar stórt hlutverk.

Erfitt er að spá fyrir um áhrif verkefnisins til framtíðar. Ljóst er að með þátttöku í átaksverkefni NMÍ gerir skólinn sig gildani í þeirri miklu vakningu sem er á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar nú um stundir. Sú nálgun mun án efa verða mjög áberandi í þróun íslensk samfélags á næstu árum og veitir þátttakan, ásamt þeirri vinnu sem styrkur úr Sprotasjóði hefur gert mögulegt að fara út í, veita skólanum visst forskot þegar kemur að því að bjóða nemendum hagnýtt og skemmtileg nám.

# Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

## -hefur verkefnið eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild?

Markmiðum verkefnisins má í grófum dráttum skipta í tvo flokka: Hlutlæg markmið sem snúa að skipulagningu skólastarfs á bóknámsbrautum BHS og huglæg markmið sem lúta að viðhorfi nemenda, foreldra og skólasamfélagsins. Í fyrri flokkinn falla markmið d), e) og f) hér að ofan en önnur í hinn seinni.

Það verður að segjast eins og er að bróðurpartur þeirrar vinnu sem fram fór vegna verkefnisins var unnin í tengslum við hlutlægu markmiðin. Er það að mörgu leyti eðlilegt þar sem tilraunakennsla hefur enn ekki farið fram og því hafa nemendur og aðstandendur þeirra ekki enn fengið að njóta afurða verkefnisins. Það stendur þó allt til bóta eins og áður er getið og teljasta aðstandendur verkefnisins sem hér er til umfjöllunar að lagður hafi verið traustur grunnur að því að hin huglægari markmið geti orðið að veruleika. Það er gömul saga og ný að farsælt skólastarf þarf að hvíla á traustum grunni skipulags og „strúktúrs“ þó svo að starfsemin þurfi líka að geta tekið breytingum og aðlagast nýjungum á öllum sviðum.

Því er það mat þeirra sem að verkefninu standa að mikilvægum markmiðum verkefnisins hafi verið náð og að fræjum hafi verið sáð þannig að önnur geti orðið að veruleika í náinni framtíð. Þannig hafi verið lagður grunnur að farsælla skólastarfi í BHS.

# Niðurstöður verkefnisins:

Helstu niðurstöður verkefnisins eru að mikil þörf er á að efla nýsköpunar- og frumkvöðlamenntun almennt í skólakerfinu. Um það virðast allir málsmetandi aðilar sammála. Ljóst er að við Íslendingar stöndum þeim þjóðum sem við berum okkur saman við langt að baki í málaflokknum og verjum við hlutfallslega ekki nema brotabroti þess fjármagns sem t.d. Danir og Norðmenn verja til eflingar nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi. Mikil vakning er þó í þessum efnum sýna stjórnvöld málinu sífellt meiri áhuga.

Ljóst er að verkefnið mun halda áfram innan skólans. Að því verður unnið í áframhaldandi samstarfi við NMÍ og fleir hagsmunaaðila.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið hefur nú þegar hlotið nokkra kynningu. Það hefur verið kynnt á kennarafundum í BHS, á fundum bóknámskennara, fyrir skólanefnd og fleiri hagsmunaaðilum. Verkefnisins hefur ítrekað verið getið í Boðbora sem er málgagn skólameistara BHS, á heimasíðu skólans og á heimasíðu NMÍ.

Þann 11. október 2012 var verkefnið kynnt fyrir samráðshópi um eflingu nýsköpunar- og frumkvöðlamennta á framhaldsskólastigi þar sem verkefnastjóri þess verkefnis sem hér er til umræðu á sæti. Var gerður góður rómur að þeirri vinnu sem þá hafði verið unnin og töldu fólk að verkefnið gæti orðið mikilvægt fordæmi fyrir starf hópsins.

Verkefnið var kynnt á ráðstefnu um skapandi skólastarf á vegum Samtaka áhugafólks um skólaþróun sem fram fór 5. og 6. apríl í Fjölbrautarskólanum við Ármúla. Verkefnið hlaut nokkra athygli og var sérstök málstofa tileinkuð kynningu þess.

## Lokaorð

Sá styrkur sem veittur var úr Sprotasjóði til verkefnisins „Frumkvöðlar í Borgarholtsskóla“ hefur reynst ómetanleg lyftistöng fyrir þróun náms í skólanum í takt við ný lög um framhaldsskóla. Það er von þeirra sem að verkefninu hafa komið að unnið verði áfram að því og að kraftur verði settur í næsta fasa þess sem fólgin er í tilraunakennslu og áframhaldandi þróun námskráa bóknámsbrauta BHS. Telja aðstandendur verkefnisins að áhersla á nýsköpunar- og frumkvöðlamennt verði skólanum hollt veganesti inn í framtíðina.

Reykjavík, 9. október 2013

Anton Már Gylfason
Verkefnisstjóri

Bryndís Sigurjónsdóttir
Skólameistari BHS

Fylgiskjöl:

1. Áfangalýsingar fyrir
    a. undirbúningsáfanga fyrir lokaverkefni.
    b. lokaverkefnisáfanga.
    c. ýmsa námsáfanga með nýsköpunarívafi.
2. Staða vinnu við þróun bóknámsbrauta til stúdentsprófs með nýsköpunar- og frumkvöðlaáherslu.
3. Drög að almennum hluta námskráa bóknámsbrauta.
    a. Skipting námsáfanga á annir.

# Fylgiskjöl

## Áfangalýsingar

Eftirfarandi áfangalýsingar er einnig að finna í námskrárgrunni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

### NÝSK2UL05

**Námsgrein**: Nýsköpun
**Viðfangsefni:** Undirbúningur lokaverkefnis
**Þrep**: 2
**Einingafjöldi:** 5

**Lýsing**
Áfanginn er ætlaður til undirbúnings lokaverkefnis nemenda á bóknámsbrautum. Efni hans er skipt í fjórar sjálfstæðar námslotur: 1. lota: Hvað er nýsköpun? 2. lota: Sköpunarverkefni - List/handverk - FabLab - sjálfbærni 3. lota: Félagsleg nýsköpun 4. lota: Hugmyndasmiðja þar sem hugað er að lokaverkefni, tengingu þess við grunnþætti, námsgreinar, fyrra nám og reynslu og framtíðarsýn. Nemendur hópa, vinna við afmörkun hugmynda að lokaverkefni og gera fyrstu drög að verkáætlun.

**Forkröfur**
Nemendur þurfa að hafa lokið um 2/3 hlutum náms til stúdentsprófs.

**Þekkingarviðmið -**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- forsendum nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar
- því sem felst í nýsköpunarferli
- samfélagslegu mikilvægi nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi
- mikilvægi samvinnu ólíkra einstaklinga í nýsköpunarferli
- mikilvægi skipulagningar í nýsköpunarferli
- siðferðilegum spurningum sem kvikna í tengslum við nýsköpun og frumkvöðlastarf

**Leikniviðmið -** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hugsa lausnamiðað
- hrinda hugmyndum í framkvæmd
- leita samstarf við sérfróða aðila við framkvæmd hugmynda
- kynna hugmyndir sínar fyrir hagsmunaaðilum á fjölbreyttan hátt

**Hæfniviðmið -** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- virkja sköpunarkraft sinn og frumkvæði á samfélagslega ábyrgan hátt ...sem er metið með... hóp- og einstaklingsverkefnum og þátttöku í umræðum
- skipuleggja nám sitt á ábyrgan hátt með vísan til skýrrar framtíðarsýnar á sviði nýsköpunar ...sem er metið með... verkefnum í verkefnamöppu
- skipuleggja og halda utan um vinnuferli ...sem er metið með... verkefnum í verkefnamöppu

- afla sér, vinna úr og miðla upplýsingum á fjölbreyttan og gagnrýninn hátt ...sem er metið með... verkefnum í verkefnamöppu
- ástunda fræðileg vinnubrögð og gott vinnusiðferði ...sem er metið með... hóp- og einstaklingsverkefnum og þátttöku í umræðum

**Námsmat**
Áfanginn er símatsáfangi. Nemandi heldur verkefnamöppu (rafrænt) þar sem hann safnar saman öllum gögnum sem verða til í áfanganum. Þátttaka í hópvinnu er metin og vinnuframlag hvers og eins er metið með jafningjamati. Leiðbeinandi leitast við að gefa nemanda reglulega endurgjöf með samtölum við hann.

## NÝSK3LO05

**Námsgrein:** Nýsköpun
**Viðfangsefni**: Lokaverkefni til stúdentsprófs
**Þrep**: 3
**Einingafjöldi**: 5

**Lýsing**
Í áfanganum fá nemendur tækifæri til að samþætta þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa öðlast í námi sínu við skólann eða annars staðar. Nemendur velja sér viðfangsefni á sviði nýsköpunar og vinna að því sjálfstætt og í samvinnu við aðra nemendur. Unnið er undir handleiðslu umsjónarkennara en auk hans hafa nemendur greitt aðgengi að teymi kennara sem veita leiðsögn á því sérsviði sem nemendur hafa valið. Einngi fá nemendur handleiðslu í íslensku, tungumálum og stærðfræði.

**Forkröfur:** NÝSK 2 UL 05. Nemandi sem skráður er í áfangann þarf að vera farinn að sjá fyrir endann á námi sínu. Mælt er með að áfanginn sé tekinn á síðustu eða næstsíðustu námsönn.

**Þekkingarviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
- mikilvægi þess að vanda til hugmyndavinnu.
- hugtakinu nýsköpun.
- eðli samvinnu og kostum þess að nýta þann breiða grunn þekkingar, leikni og hæfni sem til staðar er í hópi nemenda.
- því sérsviði sem viðfangsefni hans tilheyrir.
- tímastjórnun og mikilvægi vandaðrar áætlanagerðar við lausn flókinna og yfirgripsmikilla verkefna.
- upplýsingaöflun og mikilvægi upplýsingatækni.

**Leikniviðmið -** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
- vinna með sínar eigin hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd.
- greina hugmyndir sem falla undir nýsköpun frá öðrum hugmyndum.
- eiga samvinnu við ólíkt fólk sem hefur sömu markmið og hann sjálfur.
- leita sér upplýsnga um viðfangsefni sín, bæði sértækra og almennra.
- gera verk- og kostnaðaráætlanir fyrir yfirgripsmikil verkefni.

**Hæfniviðmið** - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgja eftir hugmynd frá upphafi til enda sem metið er með lokaskýrslu og kynningu nemenda.
- eiga farsæla samvinnu með hópi jafningja með sameiginleg markmið fyrir augum. Þetta er metið með lokaskýrslu, kynningu og matsskýrslu.
- greina og meta áreyðanleika upplýsinga ...sem er metið með... lokaskýrslu.
- gera vandaða áætlun um verk sem fyrir höndum er ...sem er metið með... lokaskýrslu og verkdagbók á Moodle.

**Námsmat**

Námsmat er þríþætt: a) Hópurinn skilar lokaskýrslu þar sem sagt er frá öllum þáttum verkefnisins, allt frá upphaflegri hugmyndavinnu til fullbúinnar afurðar. b) Kynning sem fram fer í lok annar. Hópurinn stendur að kynningu á hugmynd sinni og afurð. Fer kynningin fram á sameiginlegum kynningardegi allra nemenda í áfanganum. c) Matsskýrsla og verkdagbók á Moodle þar sem hver nemandi metur sitt eigið vinnuframlag og annarra. Lögð er áhersla á reglulega endurgjöf leiðbeinenda, leiðsagnarmat og jafningjamat.

## HEIM2IN05

**Námsgrein**: Heimspeki
**Viðfangsefni**: Inngangur
**Þrep**: 2
**Einingafjöldi**: 5

**Lýsing**

Lögð verður áhersla á almenna kynningu heimspekinnar sem fræðigreinar og á þjálfun nemenda í að beita aðferðum hennar í daglegu lífi. Þau vandamál sem heimspekingar hafa glímt við gegnum aldirnar verða kynnt til sögunnar og hugað að þeim lausnum sem hvað mesta athygli hafa vakið. Athugað verður hvort og þá hvernig heimspekileg rökræða getur hjálpað nútímamanninum að móta gildi og viðmið tilveru sinnar. Nemendur vinna fjölmörg hóp- og einstaklingsverkefni.

**Forkröfur**

Engar forkröfur

**Þekkingarviðmið -** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim spurningum sem fylgt hafa vestrænni heimspeki frá upphafi hennar í Grikklandi hinu forna
- svörum heimspekinga og þróun þeirra frá einum tíma til annars
- hugmyndasögulegu samhengi heimspekikenninga
- undirgreinum heimspekinnar, svo sem siðfræði, þekkingarfræði og stjórnmálaheimspeki
- mikilvægi skapandi hugsunar við ástundun heimspeki
- nýsköpunar- og frumkvöðlafræði

**Leikniviðmið -** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- færa rök fyrir máli sínu
- tjá sig um flóknar hugmyndir og kenningar
- átta sig á samhengi eigin hugsana og hugmynda
- nálgast viðfangsefni sín á frumlegan og skapandi hátt

**Hæfniviðmið -** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja skoðanir sínar fram í ræðu og í riti þannig að aðrir geti áttað sig á þeim. Þetta er metið með frammistöðu nemenda í kynningum, hópavinnu og skriflegum verkefnum.
- rökræða hugmyndir sínar og skoðanir við aðra sem er metið með þátttöku í samræðum og hópvinnu.
- vinna með flóknar og yfirgripsmiklar hugmyndir t.d. í samhengi við atburði daglegs lífs, kvikmyndir eða önnur listaverk, sem er metið með ritgerðum, umræðum og skriflegum prófum.
- vinna að nýjum og frumlegum lausnum á viðfangsefnum daglegs lífs sem er metið með þátttöku í nýsköpunarkeppni.

**Námsmat**

Beitt verður eins fjölbreyttum námsmatsaðferðum og komið verður við. Nemendur vinna verkefni í tímum og safna saman í ferilmöppu, skrifa ritgerðir, taka próf og halda kynningar. Nemendur taka þátt í nýsköpunarferli þar sem leitað nýrra leiða til að fást við viðfangsefni daglegs lífs. Jafningjamati og leiðsagnarmati er markvisst beitt í því skyni að gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu.

## LAND2SN05

**Námsgrein**: Landafræði

**Viðfangsefni**: Sjálfbærni og nýsköpun

**Þrep**: 2

**Einingafjöldi**: 5

**Lýsing**

Í áfanganum er fjallað um samspil manns og náttúru og þróun í átt til sjálfbærni. Megintilgangur hans er að gera nemendur meðvitaðri um ábyrgð sína á umhverfinu og hvernig afstaða þeirra og lifnaðarhættir skipta máli í því sambandi. Farið er yfir grunnatriði sjálfbærni, gerð grein fyrir algengum sjálfbærnivísum, náttúrusiðfræði og þróun umhverfismála á heimsvísu. Sérstök áhersla er lögð á samspil og jafnvægi umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélagsins. Í því sambandi er gerð grein fyrir fólksfjölgun, orsökum hennar og afleiðingum og fjallað um helstu náttúruauðlindir og sjálfbæra nýtingu þeirra. Nemendur læra um helstu hnattrænu viðfangsefni í umhverfismálum eins og mengun, veðurfarsbreytingar og líffræðilega fjölbreytni. Fjallað er um heilsusamlegt umhverfi, örugga förgun úrgangsefna, endurvinnslu og endurnýtingu. Lögð er sérstök áhersla á að nemendur læri að nota aðferðafræði nýsköpunar og frumkvöðlastarfs í viðfangsefnum sem tengjast þróun í átt að sjálfbærni.

**Forkröfur**

Engar

**Þekkingarviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað felst í sjálfbærni og sjálfbærri þróun.
- hvaða gildismat liggur að baki sjálfbærni.
- tengslum sjálfbærni og hagfræði.
- þeim vandamálum sem felast í mikilli fólksfjölgun og jafnrétti innan og milli kynslóða.
- helstu náttúruauðlindum á Íslandi og sjálfbærri nýtingu þeirra.
- helstu umhverfisvandamálum í heiminum, orsökum þeirra og afleiðingum.
- mengun og úrgangi, úrgangsförgun og endurvinnslu.

**Leikniviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tengja saman sjálfbæra þróun og daglega breytni.
- taka afstöðu til hluta í daglegu lífi sínu í samræmi við markmið um sjálfbærni.
- rökstyðja afstöðu sína til helstu umhverfis-verkefna í samræmi við vísindalegar niðurstöður.
- flokka úrgang og farga spilliefnum.
- endurnýta og endurvinna úrgang.
- skilja mikilvægi náttúrunnar og góðrar umgengni um hana með áherslu á Ísland.

**Hæfniviðmið** - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- temja sér vistvæna lifnaðarhætti í anda sjálfbærni sem metið er með verkefnum, dagbókum, kynningum og rökræðum.
- taka virkan þátt í umræðu um sjálfbæra þróun og umhverfismál á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt sem metið er með verkefnum, kynningum og rökræðum.
- leiðbeina öðrum um hvað felst í sjálfbærum lifnaðarháttum og virðingu fyrir umhverfinu sem metið er með verkefnum, kynningum og rökræðum.
- vinna að lausnum á viðfangsefnum sem tengjast ósjálfbærum lifnaðarháttum í anda nýsköpunar og frumkvöðlastarfs sem metið er með verkefnum, kynningum og/ eða samkeppni.

**Námsmat**

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem er líklegt til að fá nemendur til að tengja saman daglegt líf sitt og sjálfbæra þróun. Í þessu skyni er lögð áhersla á verkefnavinnu, dagbækur, rökræður og kynningar á viðfangsefnum áfangans en einnig leiðsagnar- og jafningjamat. Í námsmatinu er sérstaklega tekið mið af frumkvöðlahugsun og nýsköpun við lausn verkefna. Áfanginn er próflaus.

## ÍSLE2NÝ01

**Námsgrein**: Íslenska

**Viðfangsefni**: Nýsköpun

**Þrep**: 2

**Einingafjöldi**: 1

**Lýsing**

Í áfanganum er lögð áhersla á nýsköpunarferlið. Nemendur kynnast aðferðum nýsköpunar, reyna að koma auga á það sem bæta má í umhverfi þeirra, nær og fjær, eða lífi. Þeir þróa og ganga frá fyrstu gerð lausnar sem getur verið í hvaða formi sem er s.s. hlutur, kerfi, fræðsla. Þeir skrá allt ferlið skipulega. Þeir útbúa markaðsáætlun og kynna nýsköpun sína. Námsmat byggist á framvinduskráningu, jafningjamati og kynningu markaðsáætlunar.

**Forkröfur:** Engar forkröfur en áfanginn hentar betur nemendum sem hafa lokið a.m.k. einni önn í framhaldsskóla.

**Þekkingarviðmið -** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Nýsköpunarferlinu, frá því að skilgreina þörf til fullbúinnar afurðar. Þekkja til stofnana sem aðstoða við nýsköpun.

**Leikniviðmið -** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skoða umhverfi sitt (heimili, skóla, vinnustað, borg/þorp/sveit) og námsgreinar og finna þar eitthvað sem hægt er að bæta eða hagnýta betur. Teikna eða skipuleggja hlut/kerfi/afurð til úrbóta og búa þetta til. Skrá þetta ferli skipulega. Gera markaðsáætlun fyrir afurðina og koma henni á framfæri.

**Hæfniviðmið -** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skilgreina úrlausnarefni í umhverfi sínu/tækifæri/auðlindir, finna lausn og þróa afurð, fá innsýn í markaðssetningu afurðarinnar. Vita hvar hægt er að fá aðstoð við þróun nýrra hugmynda sem er metið með sérstöku nýsköpunarverkefni sem gildir 20% af lokaeinkunn.

**Leiðbeiningar**

Áfangann sem hér er lýst má fella inn í hvaða áfanga sem er. Þannig getur kennari lagt áherslu á nýsköpun og lagt til grundvallar námsmati.

## LÍLE1GM05

**Námsgrein**: Lífsleikni
**Viðfangsefni**: Grunnþættir menntunar
**Þrep**: 1
**Einingafjöldi**: 5

**Lýsing**

Áfanganum er ætlað að auka hæfni nemandans á margvíslegan hátt m.t.t. grunnþátta menntunar. Hann fær tækifæri til að glöggva sig betur á námsleiðum skólans, átta sig á til hvers þær leiða og gera sér betur grein fyrir kröfum hugsanlegra viðtökuskóla og atvinnulífs. Í áfanganum mun nemandinn kynna sér skólastarfið og félagslíf innan skólans. Lögð verður

áhersla á að efla skilning nemandans á sjálfum sér, tilfinningum sínum, gildismati, lífsháttum og framtíðarsýn ásamt því að styrkja tjáningarhæfni og sjálfstraust þannig að hann geti sett fram eigin skoðanir og kenningar um margvísleg málefni og rökrætt þær. Rætt er um mikilvægi þess að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Nemandinn eflir félagsþroska sinn, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Hann fær tækifæri til að hugleiða hvert stefnir, hver sé lífssýn hans og lífsgildi, búa sig undir að taka ábyrgð á eigin lífi og verða meðvitaður um ábyrgð sína sem neytandi. Fjallað er um lýðræði, þátttöku á vinnumarkaði og í mótun samfélagsins, menningu og fjölmenningu, listir og umhverfi. Áhersla er á sjálfbærni og stöðu og hlutverk einstaklingsins andspænis samfélagi og náttúru. Nemandinn tekst á við mismunandi verkefni sem tengjast áfanganum og kynnir verkefnin fyrir samnemendum sínum. Hvatt er til notkunar fjölbreyttra aðferða við tjáningu með áherslu á notkun margmiðlunartækni. Áhersla er lögð á að nýta sköpunarkraft og frumkvæði nemandans. Það er gert með því að efna til nýsköpunarkeppni þar sem aðferðum nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar er beitt.

**Forkröfur**: Engar.

**Þekkingarviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- árangursríkum aðferðum við nám í framhaldsskóla.
- félagsstarfi skólans.
- þeirri sérfræðiþjónustu sem skólinn hefur upp á að bjóða og hvar hennar er að leita, t.d. hjá umsjónarkennara, námsráðgjafa og á skólasafni.
- mikilvægi jákvæðrar sjálfsmyndar.
- lýðræði og framkvæmd þess.
- ólíkri menningu og geti skoðað hana frá ýmsum sjónarhornum.
- mikilvægi frumkvæðis og skapandi hugsunar.

**Leikniviðmið -** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sér námsframboð og námsleiðir skólans á sem árangursríkastan hátt.
- nýta sér ýmsa félagsstarfsemi og aðra nemendaþjónustu sem er í boði innan skólans.
- átti sig á mikilvægi góðra tengsla við fjölskyldu og vini, ásamt því að taka þátt í félagslífi.
- taka skynsamlega afstöðu til fjármála.
- taka ábyrga afstöðu sem neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi.
- hugleiði hlutverk sitt í samfélaginu.
- gera sér grein fyrir réttindum og skyldum á vinnumarkaði.
- kynna hugðarefni sín frammi fyrir öðrum á formlegan og óformlegan hátt.
- eiga gefandi samskipti við einstaklinga óháð kyni, kynferði, þjóðerni, trú og líkamlegu og andlegu atgervi.
- hugsa með skapandi hætti um umhverfi sitt og sýna frumkvæði við framkvæmd hugmynda sinna.

**Hæfniviðmið -** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skoða mismunandi námsleiðir, gera skipurit af þeim og meta hvert þær leiða sem er metið með verkefnavinnu.
- átta sig á samhengi ímyndar, lífsstíls, gildismats og lífsskoðunar og fyrirætlana sem er metið með einstaklings- og hópverkefnum og kynningum.
- taka ábyrgð á eigin lífi sem m.a. felur í sér að tileinka sér heilbrigða lifnaðarhætti og taka ábyrga afstöðu til fíkniefna og lyfja sem notuð eru til lækninga. Það er metið með verkefnum og sjálfsmati.
- fjalla um ýmis dægurmál sem upp koma hverju sinni, í tengslum við nám sitt, næsta umhverfi eða á opinberum vettvangi. Metið með hópverkefnum, umræðum og kynningum.
- meta stöðu sína sem einstaklings í samhengi við umhverfi sitt m.t.t. sjálfbærrar þróunar. Þetta er metið með verkefnum og kynningum.
- geti beitt margvíslegum aðferðum við að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri við aðra sem er metið með hópvinnu og kynningum.
- finna frumlegar og skapandi leiðir til að nálgast áskoranir daglegs lífs sem metið er með nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefni.

**Námsmat**

Mikil áhersla er lögð á framlag nemenda í kennslustundum. Fyrirlestrar (kennarar, nemendur og gestir), umræður, einstaklings- og hópverkefni, farið í vettvangsferðir og ferðalag. Fjölmiðlar og netið verða notuð við kennslu og úrvinnslu. Efnt er til nýsköpunarkeppni milli hópa nemenda þar sem verðlaunað verður fyrir frumlegar hugmyndir, útfærslu þeirra og framkvæmd. Nemendur færa reglulega dagbók um starfið eftir nánari fyrirmælum kennara með það að leiðarljósi að rifja upp og taka rökstudda afstöðu til námsmarkmiða. Lögð er áhersla á að nemendur finni samfelluna í náminu með reglulegri upprifjun í eigin skrifum og öðrum verkum. Virkni nemenda í umræðum og samstarfi er nauðsynleg.

**Leiðbeiningar**

Áfanginn er skipulagður sem heils vetrar nám fyrir nemendur á fyrsta ári framhaldsskóla.

## NÁTT1EN05

**Námsgrein**: Náttúrufræði

**Viðfangsefni**: Eðlis- og efnafræði, nýsköpun

**Þrep**: 1

**Einingafjöldi**: 5

**Lýsing**

Fjallað er um eðli vísindanna og aðferðafræði vísinda. Áhersla er lögð á að gera eðlis- og efnafræði áhugaverða og tengja vísindin umhverfi okkar. Fjallað er um orkubúskap

jarðarinnar, hringrás vatns og rafsegulróf. Farið verður í ýmis grunn atriði í eðlisfræði s.s mælieiningar, hreyfingu, krafta, þyngd, massa, orku, vinnu og afl. Grunnatriði efnafræðinnar verða einnig kynnt s.s gerð atómsins, lotukerfið, einföld efnasambönd, efnatengi og eiginleika efna. Nemendur fá kynningu á nýsköpunarverkefnum í tengslum við eðlis-og efnafræði hérlendis og fara í vettvangsferðir til að kynnast vísindastarfi í nærumhverfinu. Einnig verður farið yfir hvað felst í ferli nýsköpunar.

Forkröfur: Engar.

**Þekkingarviðmið -** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vísindafræðilegri aðferð og þróun raunvísinda.
- orkubúskap jarðarinnar og hvernig orkan flyst um jörðina.
- hringrás vatns í náttúrunni.
- rafsegulrófinu.
- nýtingu orkulinda og raforkuframleiðslu.
- mælistærðum og SI-einingakerfinu.
- mæliskekkju og óvissu.
- hraða, hröðun, þyngd, massa og krafti.
- vinnu, orku og afli.
- atómun, frumefnum og lotukerfinu.
- einföldum efnasamböndum, efnatengjum og eiginleikum efna.
- ferli nýsköpunar.
- íslenskum nýsköpunarverkefnum sem tengjast eðlis- og efnafræði.

**Leikniviðmið -** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- útskýra orkubúskap jarðarinnar og hvernig. orkulindir eru nýttar hérlendis.
- gera einfaldar tilraunir og beitamælistærðum og einingum.
- útskýra hreyfingu og áhrif krafta á hana.
- útskýra muninn á massa og þyngd.
- beita lögmálinu um varðveislu orkunnar við lausn einfaldra verkefna.
- lýsa gerð atómanna og uppbyggingu lotukerfisins.
- lýsa uppbyggingu einfaldra efnasambanda og efnatengja.
- gera grein fyrir ferli nýsköpunar.

**Hæfniviðmið -** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita skipulegum aðferðum við að leysa einföld verkefni sem fjalla um hreyfingu, þyngd og kraft. Metið með verkefnum og prófum.
- geta notað lögmálið um varðveislu orkunnar við lausn einfaldra verkefna. Metið með verkefnum og prófum.
- gera grein fyrir gerð atóma, uppbyggingu lotukerfisins og eiginleikum einfaldra efnasambanda. Metið með verkefnum og prófum.

- gera mjög einfaldar verklegar tilraunir úr efninu og skrá niðurstöður sínar skipulega og vinna úr þeim. Metið með skýrslum.
- rökstutt skoðun sýna á nýtingu orkuauðlinda Íslands. Metið með umræðum og kappræðum.
- finna lausnir á viðfangsefnum/vandamálum sem tengjast faginu. Metið með skapandi verkefni þar sem nemendur hanna lærdómsspil úr efni áfangans.
- geta rætt þróun í íslensku vísindasamfélagi og nýsköpun á sviði eðlis- og efnafræði. Metið með verkefnum, skýrslum úr vettvangsferðum ásamt umræðum.

**Námsmat**
Verkefni: Nemendur vinna fjölbreytt verkefni yfir önnina s.s. verkefni úr kennslubókinni, skýrslur úr verklegum æfingum og vettvangsheimsóknum ásamt einu stærra verkefni með sköpun/eða nýsköpun að leiðarljósi. Próf: Nemendur taka tvö próf á önninni.

# Bóknámsbrautir Borgarholtsskóla

## Staða vinnu við innleiðingu laga um framhaldsskóla

Síðan ný framhaldskólalög voru samþykkt frá Alþingi árið 2008 hefur verið unnið að innleiðingu þeirra í BHS. Strax vorið 2009 voru skipaðir verkefnastjórar innleiðingarinnar og hafa þeir verið starfandi síðan í mis miklu starfshlutfalli. Í skólanum hafa verið skrifaðar þó nokkrar námskrár í anda nýrrar menntastefnu, m.a. fyrir framhaldsskólabraut (sem áður hét almenn námsbraut), þjónustubrautir og frumkvöðlanám í verslun og þjónustu. Hefur skólinn hlotið styrki úr ýmsum sjóðum ráðuneytisins til vinnunnar.

Ríflega 40% nemenda BHS eru skráðir á bóknámsbrautir auk þess sem allir aðrir nemendur sitja áfanga sem sameiginlegir eru bóknámsbrautum og öðrum brautum. Er hér m.a. um að ræða grunnáfanga í stærðfræði, íslensku og erlendum tungumálum. Þá má nefna að öllum nemendum skólans býðst að ljúka námi sínu með því að bæta við sig viðbótar bóknámi til stúdentsprófs.

Mikið þróunarstarf hefur verið unnið á bóknámsbrautum skólans undanfarið. Og enn er verk að vinna til að ljúka breytingunum. „Ný“ lög um framhaldsskóla eru nú orðin fimm ára gömul og öðlast fullt gildi haustið 2015. Er skólanum það kappsmál að nám á öllum brautum verði í fullu samræmi við ákvæði laganna og þá breyttu menntastefnu sem unnið hefur verið að í kjölfar setningar þeirra.

Sprotasjóður hefur veitt ríflegan styrk til þess að undirbúa nám á bóknámsbrautum sem tekur mið af nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Hefur styrkurinn nýst að hluta til þess að vinna að þróun brautanna í anda nýrrar menntastefnu. Grunn hugmyndin er sú að þráður nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar verði ofinn í gegn um nám á öllum bóknámsbrautum og að þeim ljúki með tiltölulega viðamiklu lokaverkefni þar sem tvinnast saman sú hæfni sem nemandi hefur öðlast í ólíkum námsáföngum. Þannig gefst nemandanum tækifæri til að hagnýta ólíka hæfniþætti sem hann hefur öðlast í námi sínu í skapandi vinnu sem hefur skýr markmið.

Þegar hafa verið unnar áfangalýsingar fyrir tvo námsáfanga í nýsköpunar og frumkvöðlamennt, einn undirbúningsáfanga og einn lokaverkefnisáfanga. Auk þess hefur hugmyndafræðin verið unnin inn í ólíka námsáfanga á bóknámsbrautum, t.d. íslensku, lífsleikni, dönsku, landafræði og náttúrufræði. Hugmyndin er sú að lífsleikni verði fyrsti stökkpallurinn en að nemendur fái að kynnast hugsunarhætti nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar víða í námi sínu. Lokaskrefið er stigið þegar nemandi, einn sér eða í samstarfi við aðra nemendur, vinnur lokaverkefni þar sem hann sýnir getu sína til að flétta saman ólíkum hæfniþáttum sem hann hefur komið sér upp í námi sínu á brautinni.

Almennt hafa kennarar ekki hlotið þjálfun í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Því var leitað samstarfs við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Háskólann í Reykjavík um þjálfun kennara. Hefur hópur kennara ásamt kennslustjóra bóknámsbrauta BHS setið námskeið sem skipulagt er af ofangreindum aðilum og er námskeiðið liður í vinnu sem nú fer fram til að auka veg nýsköpunar í íslensku skólakerfi.

Samhliða vinnu við áður nefnda nýsköpunaráfanga hefur ramminn um nám á stúdentsprófsbrautum BHS verið sniðinn. Þó er töluvert langt í land enn. Eftir stendur að ljúka við almennar lýsingar á námi á þremur námsbrautum: *Félags- og hugvísindabraut*, *náttúrufræðibraut* og *viðskipta- og hagfræðibraut* (sjá meðfylgjandi drög að brautarlýsingum). Á brautunum eru um og yfir 100 námsáfangar þegar allt er talið og töluverð vinna fólgin í því að skrifa lýsingar fyrir áfangana eða aðlaga lýsingar sem þegar eru í gagnagrunni ráðuneytisins. Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið náms á brautunum þarf að vinna og mun í því sambandi þurfa að leita samstarfs við aðra framhaldsskóla og háskóla.

## Skipulag náms á bóknámsbrautum

Samkvæmt þeim hugmyndum sem settar hafa verið fram verður nám á bóknámsbrautum skipt í fjögur svið: Kjarna, brautarkjarna, kjörsvið og val. Nám til stúdentsprófs er skipulagt sem 220 feininga nám sem ljúka má á sjö önnum. Gert er ráð fyrir að nemandi sem hlotið ? í grunnskóla geti hafið nám á öðru þrepi a.m.k. í ensku, íslensku, stærðfræði og dönsku. Grunnurinn, sem sameiginlegur er brautunum þremur, er 125 feiningar og samanstendur af hefðbundnum bóknámsgreinum. Sérgreinar hverrar brautar eru 35 feiningar og taka allir nemendur áfanga sem teljast til sérgreina. Frekari sérhæfing á hverri námsbraut fer fram á kjörsviði en það telur alls 45 feiningar. Auk þess að geta valið úr kjörsviðsáföngum þeirrar námsbraut sem hann tilheyrir getur nemandi valið allt að 15 feiningar af kjörsviði annarra námsbrauta. Frjálst val nemur 15 feiningum en það geta nemendur notað til þess að auka víðsýni sína og hæfni.




## Félags- og hugvísindabraut

Félags- og hugvísindabraut er ætlað að veita nemendum víðtæka almenna menntun og undirbúning fyrir háskólanám. Áhersla er lögð á samfélagsgreinar, tungumál og hugvísindi. Nám á brautinni hentar m.a. þeim sem hafa hug á að leggja stund á háskólanám í ofantöldum greinum. Eins veitir námið ákjósanlegan undirbúning fyrir nám í menntavísindum og lögfræði. Með vali og kjörsviðsvali gefst nemendum kostur á að styrkja grunn sinn í erlendum tungumálum og íslensku.

Eins og á öðrum bóknámsbrautum skólans er nýsköpunar- og frumkvöðlafræði eins og rauður þráður í gegn um nám á félags- og hugvísindabraut. Nemendur kynnast hugmyndafræðinni m.a. í lífsleikni, dönsku og náttúrufræði jafnframt því sem útskriftarverkefni þeirra snýst að stórum hluta um nýsköpun.

**Félags- og hugvísindabraut**

*Grunnur*
125 fein

| FAG | FEIN |
|---|---|
| 3JA | 20 |
| DAN | 10 |
| ENS | 15 |
| FÉL | 5 |
| ÍSL | 20 |
| ÍÞR | 5 |
| LKN | 5 |
| NÁT | 15 |
| NÝS | 10 |
| SAG | 10 |
| STÆ | 10 |

*Brautarkjarni*
35 fein

| FAG | FEIN |
|---|---|
| ENS | 5 |
| FÉL | 5 |
| HSP | 5 |
| LAN | 5 |
| SAG | 5 |
| SÁL | 5 |
| UPP | 5 |

*Kjörsvið*
45 fein

| FAG | FEIN |
|---|---|
| 3JA | 10 |
| DAN | 5 |
| ENS | 10 |
| FÉL | 25 |
| HAG | 20 |
| ÍSL | 20 |
| SAG | 20 |
| SÁL | 20 |
| STÆ | 10 |

*Val*
15 fein

*Samtals*
220 fein

## Náttúrufræðibraut

Á náttúrufræðibraut öðlast nemendur haldgóða menntun í grunngreinum náttúruvísinda ásamt því að hljóta víðtæka almenna menntun. Sérstök rækt er lögð við að nemendur öðlist góð tök á stærðfræði. Er færni í stærðfræði m.a. þjálfuð með því að gefa nemendum kost á að tengja viðfangsefni náttúruvísinda við verkfæri stærðfræðinnar. Nemendum gefst einnig kostur á að styrkja grunn sinn í tungumálum og íslensku með því að velja þessar greinar í kjörsviði eða vali.

Nám á náttúrufræðibraut er ákjósanlegur undirbúningur fyrir ýmsar stærðfræðitengdar háskólagreinar. Má þar nefna verk- og tæknifræði, tölvunarfræði, landfræði og lyfjafræði auk hinna hefðbundnu raungreina.

Lokaverkefni nemenda á náttúrufræðibraut snýst að miklu leyti um nýsköpun og frumkvöðlafræði. Auk þess kynnast nemendur þeirri hugmyndafræði víða í námi sínu á brautinni, m.a. í lífsleikni, líffræði, íslensku og dönsku.

**Náttúrufræðibraut**

*Grunnur*
125 fein

| FAG | FEIN |
|---|---|
| 3JA | 20 |
| DAN | 10 |
| ENS | 15 |
| FÉL | 5 |
| ÍSL | 20 |
| ÍÞR | 5 |
| LKN | 5 |
| NÁT | 15 |
| NÝS | 10 |
| SAG | 10 |
| STÆ | 10 |

*Brautarkjarni*
35 fein

| FAG | FEIN |
|---|---|
| EÐL | 5 |
| EFN | 5 |
| JAR | 5 |
| LÍF | 5 |
| STÆ | 15 |

*Kjörsvið*
45 fein

| FAG | FEIN |
|---|---|
| 3JA | 10 |
| DAN | 5 |
| EÐL | 15 |
| EFN | 15 |
| ENS | 10 |
| ÍSL | 20 |
| JAR | 15 |
| LÍF | 15 |
| STÆ | 20 |

*Val*
15 fein

*Samtals*
220 fein

## Viðskipta- og hagfræðibraut

Nám á viðskipta- og hagfræðibraut veitir haldgóða almenna menntun ásamt því að þjálfa færni nemenda til að takast á við krefjandi háskólanám. Á brautinni öðlast nemendur innsýn í heim verslunar og viðskipta og hentar námið því vel þeim sem hyggjast leggja stund á háskólanám á þeim

